

### 3. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.08 2018, kl. 13.30

---

Mætt voru allir aðalmenn, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Lárus Heiðarsson.

Oddviti setti fund .

Í upphafi fundar var minnst Rebekku Þórhallsdóttur húsmóður á Langhúsum sem lést fyrir stuttu síðan, Rebekka var fædd 15.12 1935, og var Rebekka elsti íbúi Fljótsdalshrepps þegar hún lést.

#### Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Samfélag í Fljótsdal, *gestur Jóna Árný Þórðardóttir frkv. Stj. Austurbrúar*
3. Samningar við oddvita og varaoddvita
4. Innleiðing persónuverndarlöggjafar  
Drög að samningi um þjónustu , kostnaðarskipting og verkáætlun
5. Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2018 vegna Kröflulínu 3
6. Kröflulína 3, ósk Landsnets um framkvæmdaleyfi dags. 11.07 2018
7. Náms-og Atvinnulífssýning Austurlands, *boð um þátttöku*
8. Samningur um skólaakstur skólaárið 2018/2019
9. Hengifossvæðið
10. Bréf
  - a) Forsætisráðuneytið dags. 10.072018
  - b) Vegagerðin dags. 04.072018
  - c) Umhverfisstofnun dags. 27.07 2018
11. Fjárbeiðnir  
ÚÍA, v. Tour de Ormurinn
12. Umhverfisstyrkir  
Jón Þór Þorvarðarson, Glúmsstöðum 1  
Jóhann F. Þórhallsson og Sigrún Ólafsdóttir, Brekkugerði
13. Fundargerðir
  - a) Félagsmálanefnd 19.06 og 05.07 2018

b) HAUST 03.07 2018

c) SvAust , stjórnarfundur 24.05-13.06-26.06 -05.07 og hluthafafundur 05.07 2018

d) Ferðamálanefnd 12.07 2018

## 14. Önnur mál

### 1. Skýrsla oddvita

Tekið hafa gildi breytingar á lögum um mannvirki nr. 160/2010. Helstu markmið með breytingum er að lækka byggingarkostnað og stuðla að einföldun stjórnábyrgðar við veitingu byggingarleyfa, samþykkt byggingaráforma og við eftirlit með mannvirkjagerð.

Nokkrir landeigendur/ábúendur við Kelduá og Jökulsá hafa viðrað áhyggjur sínar af landbroti af völdum vatnsfallanna. Oddviti hefur rætt við Landsvirkjun um að landbrot verði skoðað.

Slökkviliðsstjóri Brunavarna á Austurlandi ætlar að meta hættu á gróðureldum í frístundabyggð Víðivöllum ytri 1.

Eins og rætt var um á síðasta fundi sveitarstjórnar sendi oddviti út kynningarblað til heimila í hreppnum um styrkmöguleika. Fundargerðir 2ja fyrstu sveitarstjórnarfunda á kjörtímabilinu hafa einnig verið sendar í prentuðu formi á 4 bæi sem taldir eru án tölvusambands.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að auglýsingar utan þéttbýlis þurfa að vera, bæði hvað varðar útlit og staðsetningu, innan þess ramma sem fram kemur í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og reglugerð nr. 941/2011 um auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýli.

Verið er að hanna útlit skilta sem sett verða upp við stíg að Hengifossi, vonir standa til að fyrirtæki á svæðinu geti framleitt skiltin. Slys varð á stígnum um miðjan júlí, erlendur ferðamaður missteig sig, var sóttur af björgunarsveit og fluttur til aðhlyningar í Egilsstaði. Meiðslin voru ekki talin alvarleg.

Innigarður í Fljótsdal, verkefni er Fljótsdalshreppur styrkti, hélt opinn kynningardag 28. Júlí og mættu þó nokkrir á staðinn að kynna sér verkefnið, sem nú hefur lokið 1. áfanga, þ.e. sönnun á virkni.

Fara þarf í viðhald á laugum við Laugarfellsskála og stefnt á að það verði gert þegar mesta ferðamannastrauminum lýkur. Einnig þarf að yfirfara vatnskerfi í skálanum. Í undirbúningi er að bæta við útidyrhurð í forstofu og stækka afgreiðslulúgu í sal.

Unnið er að undirbúningi Fljótsdalsdags Ormsteitis 19. ágúst og komin nokkur mynd á dagskrá dagsins.

Loka þurfti sorpgámasvæði í 2 daga vegna rangrar flokkunar í gáma, taka þurfti óflokkanlegt sopp úr járnagámi og flytja yfir í réttan gám.

Eins og orkunotkun í Végarði hefur þróast á síðasta ári er ekki að sjá að ástæða sé til að sækja að sinni eingreiðslu til Orkusjóðs og afsala þar með niðurgreiðslu á rafmagni til félagsheimilisins .

*Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar mætti á fundinn kl. 14:00*

## 2. Samfélag í Fljótsdal

Rætt um hvernig efla mætti samfélag og byggð í Fljótsdalshreppi. Tillaga kom fram um að mynda stýrihóp með tveimur fulltrúum íbúa, tveimur úr sveitarstjórn og einum fulltrúa frá Austurbrú. Samþykkt að senda bréf á íbúa sveitarfélagsins þar sem óskað er eftir tillögum um tvo fulltrúa íbúa og tvo fulltrúa úr sveitarstjórn í stýrihópinn.

*Jóna þökkukvæð koman og yfirgaf hún fundinn 16:00*

## 3. Samningar við oddvita og varaoddvita

Fyrir liggja drög að samningi við sveitarstjóra/oddvita til 2 ára þ.e. til 30.06 2020. Samþykkt.

Fyrir liggja drög að samningi við varaoddvita um afleysingu , samningur er til 2 ára. Samþykkt.

Í nýjum samningum hækka laun sveitarstjóra/ oddvita/varaoddvita ekki árlega samkvæmt launavísitölu og laun sveitarstjórnar verða með sama hætti, óbreytt í 2 ár.

## 4. Innleiðing persónuverndarlöggjafar

Drög að samningi við Fljótsdalshérað um þjónustu , m.f. gögn kostnaðarskipting og verkáætlun. Samþykkt.

Aðilar að samningi við Fljótsdalshérað eru auk Fljótsdalshrepps:

Borgarfjarðarhreppur

Seyðisfjarðarkaupstaður

Djúpavogshreppur

Samningur gildir til 30 apríl 2019. Kostnaðurhlutur Fljótsdalshrepps árið 2018 er 224.430 kr. Persónuverndarfulltrúi Fljótsdalshrepps er samkvæmt samningi þessum Aron Thorarensen. Oddvita falið að skrifa undir samninginn og tilkynna um persónuverndarfulltrúa.

## 5. Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2018 vegna Kröflulínu 3

Vegna sumarleyfa /fjarveru skipulagsfræðings hefur ekki frá því sveitarstjórn kom síðast saman verið unnið með skipulagstillöguna. Stefnt er að því að vinnan hefjist á ný á næstu dögum og verði þá frágengin tillaga til meðferðar hjá Byggingar-og skipulagsnefnd og tillaga á vinnslustigi kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum skv. gr.4.6.1 í skipulagsreglugerð. Að þeirri kynningu lokinni verður skipulagstillagan fullunnin og lögð fyrir sveitarstjórn sem tekur ákvörðun um auglýsingu hennar skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

## 6. Kröflulína 3, ósk Landsnets um framkvæmdaleyfi dags. 11.07 2018

Skipulagsheimild liggur ekki fyrir og afgreiðslu erindisins frestað.

## **7. Náms-og Atvinnulífssýning Austurlands, boð um þátttöku**

Sýningin verður á Egilsstöðum 1. september. Kannað verður hvort áhugi fyrirtækja í sveitarfélaginu er til staðar. Ef svo er er samþykkt að Fljótsdalshreppur taki þátt.

## **8. Samningur um skólaakstur skólaárið 2018/2019.** Skólabílstjóri verður Steingrímur Karlsson og varabílstjórar Arna Björg Bjarnadóttir og Gunnar Jónsson. Samþykkt.

## **9. Hengifossvæðið**

Fyrir liggur að stofnuð verður lóð undir þjónustuhús við Hengifoss úr landi Mela. Samþykkt að hafin verði fullnaðarhönnun á þjónustuhúsinu.

## **10. Bréf**

- a) Forsætisráðuneytið dags. 10.072018. Boðað til fundar á Egilsstöðum 29. ágúst klukkan 9:00, um málefni þjóðlendna.
- b) Vegagerðin dags. 04.072018. Tilkynning um úthlutun úr styrkvegasjóði, 1.000.000 kr.. Farið verður í lagfæringar á vegi í Glúmstaðasel.
- c) Umhverfisstofnun dags. 27.07 2018. Varðar átak í friðlýsingum á svæðum í verndarflokki rammaáætlunar. Kynnt.

## **11. Fjárbeiðnir**

ÚÍA, v. Tour de Ormurinn. Samþykkt að styrkja keppnina um 20.000 kr..

## **12. Umhverfisstyrkir**

Jón Þór Þorvarðarson, Glúmsstöðum 1. Samþykktur hámarksstyrkur.

Jóhann F. Þórhallsson og Sigrún Ólafsdóttir, Brekkugerði. Samþykktur hámarksstyrkur.

## **13. Fundargerðir**

- a) Félagsmálanefnd 19.06 og 05.07 2018. Kynntar.
- b) HAUST 03.07 2018. Kynnt.
- c) SvAust , stjórnarfundur 24.05-13.06-26.06 -05.07 og hluthafafundur 05.07 2018. Kynntar.
- d) Ferðamálanefnd 12.07 2018. Kynnt.

## **14. Önnur mál**

- a) Samþykkt að óska eftir við Félagsþjónustuna að eldri borgurum í Fljótsdal verði boðin heimsókn starfsmanna, til kynningar á réttindum eldri borgara og þjónustu félagsþjónustunnar.
- b) Fundarboð til sveitastjórnarfulltrúa, kynningarfundur á verkefnum nefndar sem vinnur að tillögum um þjóðgarð á miðhálandinu 22. ágúst klukkan 15:30 á Hótel Héraði.
- c) SSA minnir á að senda tilnefningar til menningarverðlauna SSA fyrir 15. ágúst á netfangið [ssa@ssa.is](mailto:ssa@ssa.is) .

- d) Rætt um aðalfund SSA 2018 og tillögur/ályktanir sem þangað ættu erindi s.s. staða sauðfjárbænda , málefni skógræktar og eignarhald á bújörðum.
- e) Eignarhaldsfélagið Brunabótarfélag Íslands heldur kynningarfund um málefni félagsins fyrir sveitarstjóra/oddvita og aðra fulltrúa sveitarstjórna 24. ágúst á Hótel Héraði frá kl. 13:30-15:00.
- f) Skoðuð var ný heimasíða Fljótisdalshrepps sem er langt komin í vinnslu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19.02

Lárus ritaði fundargerði í tölvu

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)